

Lög

**um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðanna „af þjónustu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga“ í 2. málsl. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XV í lögunum kemur: af þjónustu hönnuða og eftirlitsaðila sem lög-gildingu hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 17. mars 2009.